

Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1194

1. Almenn:

Stolt Sea Farm Iceland hf. (kt. 610911-0480), Vitabraut 7, 233 Reykjanesbæ, hafa verið með 2.000 tonna rekstrarleyfi (FE-1076/IS-36112) fyrir seiða- og matfiskeldi á senegalflúru og gullinrafa í landeldisstöð sinni að Vitabraut 7 í Reykjanesbæ. Fyrirtækið sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 12. janúar 2022.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli um frárennslisstokk Reykjanesvirkjunar. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að ristar eru í öllum kerjum sem hindrar að fiskur sleppi í frárennslisstokk.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Stolt Sea Farm Iceland skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að endurnýjun rekstrarleyfis á tímabilinu 13. maí til 10. júní 2022 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Stolt Sea Farm Iceland hf. Rekstrarleyfið heimilur hámarkslífmassa 2.000 tonn til seiða- og matfiskeldis á senegalflúru og gullinrafa.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi við útgáfu þess. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar var gefið út 23. júní 2021. Rekstrarleyfið gildir til 10. júní 2038.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1194) kemur það í stað rekstrarleyfis Stolt Sea Farm Iceland hf. til 2.000 tonna seiða- og matfiskeldis á bleikju (FE-1076/IS-36112).

Neskaupstaður, 10. júní 2022